

REGLUGERÐ

80

18. júlí

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði,
nr. 215 7. desember 1953.

1. gr.

27. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnargjaldskrá.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hafnarkauptúni og skrásett þar, skulu einu sinni á ári greiða kr. 4.50 af hverri brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 70.00. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 30 aura af hverri brúttórúmllest, í hvert sinn, sem þau koma í höfnina úr millilandasiglingu. Lægsta gjald skal þó vera kr. 15.00.
- b. Skip, sem sigla eftir opinbærum ferðaáætlunum, skulu greiða 30 aura af hverri brúttórúmllest í hvert sinn, er þau leggjast í höfnina.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan getur, skulu greiða 60 aura af hverri brúttórúmllest.

2. gr.

35. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður, fôðurvörur, sildar- og fiskimjöl, garð-
ávextir, beitusíld, mjólk, mjólkurvörur, ís.
2. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg.
Allar kornvörur, bárujárn, steypustyrktarjárn, kjöt, gærur, saltaðar
húðir, saltaður fiskur, hraðfrystur fiskur, hessian, pokar, útgerðar-
vörur, lýsi, fryst hrogn, frystar sláturafurðir, mör, tólg, ísaður fiskur
til útflutnings, steinsteyptar vörur, miðstöðvarkatlar, smurningsolíur,
baðlyf, leður, rúðugler, tvistur, togleður, jurtafeiti, fiskumbúðir, þvotta-
efni, vírnet, saumur hvers konar.
3. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Brennsluolíur og benzín í lausu máli og tunnnum, smíðajárn, vatnsleiðslu-
og miðstöðvarpípur (fittings), þilplötur.
4. flokkur. Gjald kr. 3.75 fyrir hver 100 kg:
Þurrkaður saltfiskur, skreið, ull, ullarvörur, hert skinn, bifreiðar og
önnur vélknúin tæki, vélar, gólflísar, gólf dúkur, sápuvörur og önnur
vara, sem reiknast eftir þyngd og ekki er nánar tiltekið um, dúnn, fiður,
málingarvörur.
5. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Niðursuðuvörur, skófatnaður (annar en gúmmí), fatnaður hvers konar,
rafmagnsvörur, barnavagnar, bókunarvörur, reiðhjól, borðbúnaður,
ferðatöskur, saumavélar, skilvindur, smávörur úr járn, bækur, pappír,
blek.
6. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hver 100 kg:
Nýlenduvörur, sælgætisvörur, öl, gosdrykkir, tóbaksvörur, blikkvörur,
vefnaðarvörur, skotfæri, sprengiefni, kvikmyndir, viðtæki, lyfjavörur,
glervörur, leikföng, glysvarningur, snyrtivörur, ávextir, kaffi, kakó, te,
brauðvörur, sykur, leirvörur, eldspýtur og aðrar smávörur.

80 7. flokkur. Gjald.

18. júlí

Síld í tunnum	kr. 3.00	hver tunna.
Hrogn í tunnum	— 3.00	— —
Garnir í tunnum	— 3.00	— —
Saltkjöt í ½ t.	— 4.50	— —
— í ½ t.	— 3.00	— —
— í ¼ t.	— 2.25	— —
Stórgripir	— 15.00	— gripur.
Kindur	— 5.00	— —
Endursendar umbúðir:		
Stálföt	— 3.00	hvert stk.
Aðrar tunnur	— 1.50	— —
Kassar undan öli, gosdrykkjum o. fl.	— 0.50	hver kassi.

8. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hvert teningsfet:

Timbur, einangrunarefni og aðrar vörur, sem reiknast eftir máli. Minnsta gjald kr. 1.50.

Aflagjald:

Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn á Hornafirði, greiði kr. 5.00 fyrir rúmlest af fiski, miðað við slægðan fisk með haus; kr. 7.00 á rúmlest af saltfiski og 70 aura fyrir uppsaltaða síldartunnu eða mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1961.

Emil Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

- 81** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Rauðasandshrepps, út-
27. júlí gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. júlí 1961.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Rauðasandshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Rauðasandshrepps og er starfssvið hans Rauðasandshreppur.

2. gr.

Sjóður þessi var stofnaður 11. marz 1955 með tuttugu og fimm þúsund króna framlagi frá sveitarsjóði Rauðasandshrepps. Síðar, 22. marz 1957, lagði sveitarsjóður Rauðasandshrepps að auki fimmtán þúsund krónur til sjóðsins. Á aðalfundum Ekkna- og munaðarleysingjasjóðs Rauðasandshrepps á árunum 1958 og 1959 komu fram almennar óskir fundarmanna um sameiningu beggja þessara sjóða og var það endanlega samþykkt af hlutaðeigandi aðilum. Var og gengið frá sameiningu